

Framboð til kirkjuþings

Vera Guðmundsdóttir

2. kjördæmi

Reykjavíkurbíofastdæmi eystra



Ég heiti Vera Guðmundsdóttir og er menntaður líffræðingur frá Háskóla Íslands og starfa nú við lyfjagát hjá Elanco, sem er alþjóðlegt dýralyfjafyrirtæki. Ég fer fram sem fulltrúi okkar sem stöndum fyrir safnaðarstarfi íslensku þjóðkirkjunnar í Danmörku. Bak við mig hef ég einnig stuðning safnaðarnefndanna í Noregi, Svíþjóð, London og Luxemburg. Við erum yfir 30.000 Íslendingar sem búum erlendis og finnst mikilvægt að rödd okkar heyrist á kirkjuþingi auk þess sem við erum þess full viss að við getum einnig miðlað reynslu af samstarfi okkar við kirkjurnar erlendis.

Reynsla af kirkjustarfi

Ég er búsett í Danmörku og hef búið þar og starfað s.l. 17 ár ásamt fjölskuldu minni. Ég hef starfað í safnaðarnefnd íslenska safnaðarins mestan hluta þess tíma. Ég verið meðstjórnandi, formaður og nú varaformaður.

Kirkjan og kristlegt starf hafa mótað mig frá barnæsku. Ég fór ung með mömmu og pabba á KFUM og K fundi þar sem þau voru leiðtogar í yngri deildum. Ég á einnig margar og dýrmætar minningar frá kristilegum mótum og úr sumarþingum KFUM og K í Vindáshlíð og Vatnaskógi. Þá var ég einnig í stjórn Kristilegra skólasamtaka, KSS.

Ánægjuleg þróun

Frá því ég byrjaði að starfa með safnaðarnefndinni hér í Danmörku hef ég upplifað miklar og jákvæðar breytingar þar sem við uppskerum nú ríkulega eftir baráttu okkar fyrir að fá aftur prest hingað til Danmerkur. Þegar ég kom inn í starfið var enginn prestur starfandi hér og urðum við að treysta á prestheimsóknir frá Íslandi. Sem betur fer bauðst okkur svo að njóta krafta sr. Ágústss Einarssonar, íslenska prestsins í Svíþjóð, sem starfaði fyrir okkur í hálfri stöðu meðfram starfi sínu í Svíþjóð í nokkur ár. Við getum seint fullþakkað honum þetta ómetanlega starf sem sýndi hversu mikil þörf var á að fá prest í fullt starf hér.

Þann 1. ágúst 2020, mitt í Covid, fengum við svo sr. Sigfús Kristjánsson í fullt starf. Við höfum séð með eigin augum hvernig safnaðarstarfið blómstrar þegar stöðug prestsþjónusta er til staðar. Það að alþingi veitti söfnuðuðinum Verðlaun Jóns Sigurðssonar á síðasta ári var mikil viðurkenning á því starfi sem við höfum byggt upp hér og er okkur mikið í mun að starfið haldi áfram að blómstra.

Margt að segja frá

Við sjáum á hverjum degi hversu stórt hlutverk kirkjan getur haft í lífi fólks. Í Krakkakirkjunni (Sunnudagaskólanum okkar) hittast fjölskyldur ungra barna, mynda tengsl og finna samfélag. Í fermingarfræðslunni fá unglingar fræðslu á móðurmáli sínu, kynnast jafnöldrum og upplifa að þau tilheyri íslensku samfélagi þrátt fyrir búsetu erlendis. Þetta starf byggir upp sjálfsmynd, félagslegt öryggi og tengsl sem endast langt fram á fullorðinsár. Samhliða þessu sjáum við sífellt skýrar hversu mikil þörfin er. Aldrei hafa jafn margir upplifað einmanaleika og nú – ekki síst ungt fólk. Við finnum það greinilega í safnaðarstarfinu að sífellt fleiri ungmenni og ungt fólk leitar í kirkjuna, í leit að samhengi, hlýju og öruggu rými. Kirkjan getur og á að vera staður þar sem bil er brúað, þar sem fólk má vera eins og það er og finna að það tilheyri.

Að deila reynslu

Mér finnst að það sé skylda okkar að miðla af reynslu okkar og getu til kirkjunnar heima. Við eigum henni margt að þakka en við getum líka miðlað. Hér höfum við byggt upp kirkjustarf sem rekið er af sjálfbærni undir dyggri stjórn prests og safnaðarnefndar. Við viljum deila því sem vel hefur gengið sem og öllu því því sem við höfum lært af. Hér hafa orðið til leiðtogar sem flutt hafa heim til Íslands og tekið þátt í ýmsu kirkjustarfi þegar heim er komið.

Hér höfum við góða reynslu af samstarfi bæði íslenskra safnaða og einnig við aðrar norrænar kirkjur. Við erum þess sannfærð að reynsla íslenskra safnaða erlendis geti verið dýrmæt fyrir þjóðkirkjuna í heild. Við höfum margt að leggja til – bæði hvað varðar samstarf, nýsköpun og öflugt sjálfbærniastarf.

Með þessu framboði vil ég leggja mitt af mörkum til að styrkja tengsl þjóðkirkjunnar við Íslendinga erlendis og tryggja að við séum virkur hluti af framtíð og mótun kirkjunnar. Kirkja framtíðarinnar þarf að vera kirkja sem brúar bil. Bil yfir höf, kynslóðir og aðstæður. Kirkja sem sér fólk, styður unga fólk okkar og lætur engan standa einan.

Ég brenn fyrir íslensku kirkjustarfi og þeim boðskap sem hún ber og gef kost á mér með reynslu og þekkingu sem ég er viss um að getur orðið til gagns fyrir kirkjuna okkar bæði heima og erlendis.